

Stuttur fundur í stjórn Foreldrafélagsins haldinn miðvikudag 15. apríl 2015

Mættar: Vaka, Áshildur, Erla Rán, Claudia, Martha Lilja, Sólveig og Sigríður.

Ræddum stuttlega tilnefningar til viðurkenninga Skólanefndar, en engin ákvörðun tekin.

Vaka kynnir efni af skólaráðsfundi þ.á.m rætt um húsnæðismál skólans, með tilliti til hvort leikskólinn verði til frambúðar inni skólanum og fái aukið pláss og þá leiksvæði-skólalóðina og nýtingu hennar með tilliti til þeirrar ákvörðunar.

Ræddum fyrirkomulag um skipulagningu bekkjarkvölda, hvernig best sé að skipuleggja til að virkja foreldra og gera þetta eins sýnilegt og kostur er, en það hefur sýnt sig að þetta virðist oft detta upp fyrir. En teljum mjög mikilvægt að finna aðferð til að halda þessu sýnilegu og í umræðunni.

Nýr fundur ákveðinn 29. apríl